



## Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

**Efni:** Orkugarður í Reykjahverfi

**Dags:** 26. nóvember 2021

**Málsnúmer:** 202101213/23.7

**Málsmeðferð:** Til umfjöllunar

**Starfsmaður:** Jóhanna Björg Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs

Nýting á heitu vatni á Íslandi á sér sterka sögulega skírskotun til Reykjahverfis þar sem hlaðin laug var þar fram að síðari heimsstyrjöld. Í Reykjahverfi er enn fremur upphaf nýtingar á heitu vatni á Íslandi, en árið 1908 var fyrst leitt heitt vatn inn í íbúðarhús á Íslandi, af Stefáni B. Jónssyni bónda á Reykjum. Af þeim sökum hafa vaknað hugmyndir um Orkugarð í Reykjahverfi. Gerð er tillaga um að koma Orkugarði fyrir á lóð í Reykjahverfi sem er í eigu Veitna ohf.

Umrædd borholulóð í eigu Veitna ohf er staðsett við mynni götunnar Reykjahvols, sjá mynd hér að neðan:



Í viðræðum við Veitur ohf hefur komið fram að mikill áhugi sé á hugmyndinni og hefur fyrirtækið lýst sig reiðubúið til þess að styrkja verkefnið fjárhagslega. Veitur ohf gerir þó þær kröfur að á lóðinni verði ekki byggð nein varanleg mannvirki sem standi í vegi þess að fyrirtækið geti geti viðhaldið og endurborað borholu MG-17 þegar kemur til þess kemur. Fyrirtækið hefur lýst því yfir að það sé reiðubúið til þess að undirrita viljayfirlýsingu um verkefnið og setja fjármuni til uppbyggingar og frágangs árin 2023-2024.



MOSFELLSBÆR  
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

Tillaga:

Lagt er til við bæjarráð að heimila gerð viljayfirlýsingar milli Mosfellsbæjar og Veitna ohf. um Orkugarð í Reykjahverfi í samræmi við ofangreindar hugmyndir og að skipulagsnefnd fái það verkefni að útfæra nánari útfærslu og deiliskipulag um Orkugarð.

Virðingarfyllst,

Jóhanna Björg Hansen  
Framkvæmdastjóri umhverfissviðs